



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð  
Borgartúni 14  
105 Reykjavík

***Knattspyrnufélagið Fram***

Knattspyrnufélagið Fram flytur alla starfsemi sína úr Safamýri á þessu ári í Úlfarsárdal. Hjálagt fylgja drög að þjónustusamningi við félagið vegna reksturs mannvirkja borgarinnar, íþróttahús og velli, í Úlfarsárdal. Lagt er til við menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð að það samþykki samninginn fyrir sitt leyti og vísi honum til borgarráðs.

Ómar Einarsson,  
sviðsstjóri ÍTR.

# **Samningur um rekstur íþróttamannvirkja í Úlfarsárdal**

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Fram, kt. 491070-0139, Úlfarsbraut 122-124, 113 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Fram“).

## **1. gr.**

Fram skal sjá um rekstur skrifstofu- og félagsaðstöðu og búningsaðstöðu og íþróttahús í Íþróttamiðstöðinni í Úlfarsárdal, Úlfarsbraut 122-124, 113 Reykjavík, ásamt æfingavöllum, gervigrasvelli, keppnisvelli og áhorfendastúku við keppnisvöllinn frá og með 1. maí 2022 og íþróttahúsið frá og með 1. ágúst 2022, samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa. Frá og með framangreindum dagsetningum skal Fram greiða rekstrarkostnað viðkomandi mannvirkja, sbr. 4. gr. og bera ábyrgð á rekstri húss og valla.

## **2. gr.**

Starfsfólk og stjórn Fram skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Fram skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Fram skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal það auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

## **3. gr.**

Fram annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Fram og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Fram og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Fram fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er m.a. vegna eins íþróttafulltrúa, gervigrasvalla, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins.

Þá mun húsaleigustyrkur vegna Safamýrar falla niður þegar félagið flytur úr Safamýrinni.

Fram skal greiða rekstrarkostnað vegna Íþróttamiðstöðvar og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteignar, valla og við bað- og búningsklefavörslu, rafmagn, hita, kalt vatn og kostnað við ræstingar og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Fram skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Fram skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður af útköllum vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal Fram endurgreiða hann í desember ár hvert.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „ÍTR“) er leigutaki á mannvirkjum borgarinnar og greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

#### **4. gr.**

Í Íþróttahúsinu fer fram íþróttakennsla á vegum skóla- og frístundasviðs. Fram skal annast gæslu á bað- og búningsklefum og þrif. Skólinn skal hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 14:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Fram skal hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólinn er með starfsemi í íþróttahúsinu.

#### **5. gr.**

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Fram vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. 68.830.805,- á ári sbr. fsk. 1. Greiðslurnar skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2022 835,4 og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2022 513,0. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50 % vegna neysluvísitölu. Á árinu 2022 skal greiða rekstrarframlag vegna þess tíma sem Fram er með mannvirki í rekstri.

Fram er eigandi að félagsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni en ÍTR eru heimiluð afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur ÍTR/Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Fram skal gera ársuppgjör og leggja fyrir ÍTR fyrir 1. apríl ár hvert.

#### **6. gr.**

Sameiginlegur kostnaður sem fellur til svo sem vegna þrifa, sorphirðu, snjómoksturs ofl. mun ÍTR bera kostnað af.

#### **7. gr.**

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

#### **8. gr.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

**9. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. maí 2022. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

Við flutning Fram úr Safamýri afhendir Fram Reykjavíkurborg húsnæði með búnaði og völlum ásamt búnaði samanber fylgiskjal.

**10. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 2022

F.h.Reykjavíkurborgar

F.h. Knattspyrnufélags Fram

---

---